

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Húsavík nr. 8 31. janúar 1959, sbr. reglugerð nr. 10 19. febrúar 1962, reglugerð nr. 53 6. febrúar 1969 og reglugerð nr. 119 16. maí 1972.

1. gr.

23. gr. orðist þannig:

Um gjöld til hafnarinnar.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjald og bryggjugjald eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

2. gr.

24. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmlestir skulu greiða lestagjald kr. 3.00 á hverja brúttórúmlest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmlest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmlestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmlest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabáatar, minni en 10 brúttórúmlestir, greiði lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmlest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjaldalagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

3. gr.

25. gr. fellur niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

4. gr.

26. gr., sem verður 25. grein, orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmlest fyrir hvern sólarhring, eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10-399 brúttórúmlestir, greiði gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en báatar minni en 10 brúttórúmlestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmlest.

5. gr.

31. gr., sem verður 30. gr., orðist þannig:

Vörugjöld.**1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:**

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofu- vélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mæli- tæki, húsgögn.

Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.

- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glys- varningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%:

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki inn- heimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

6. gr.

48. gr., sem verður 47. gr., orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari verða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, stað- festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.